

Heimavellir hf. – Fjárfestakynning vegna hlutafjárútbóðs

Heimavellir munu á næstu dögum ásamt Landsbankanum funda með fjárfestum í tengslum við almennt útbóð á nýju hlutafé í félaginu og töku á hlutafé í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands hf.

Áskriftartímabil útbóðsins er dagana 7. og 8. maí 2018. Í útbóðinu bjóða Heimavellir til sölu 750.000.000 nýja hluti í félaginu, en gefi eftirspurn í útbóðinu tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útbóðinu þannig að þeir nemi samtals allt að 900.000.000.

Markmið með útbóðinu er að fjölga hluthöfum í Heimavöllum þannig að félagið uppfylli skilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar varðandi dreifingu hlutafjár og fjölda hluthafa að útbóði loknu.

Hlutafé í Heimavöllum fyrir útbóðið eru 10.282.419.644 hlutir og er hver hlutur ein króna að nafnverði. Félagið hefur gert skuldbindandi samning um sölu á 218.978.102 nýjum hlutum í Heimavöllum til erlends fjárfestingarsjóðs og verður hið nýja hlutafé gefið út samhliða hlutafjárhækkun félagsins vegna útbóðsins, án þess þó að vera hluti af útbóðinu. Hlutafé Heimavalla að þessu loknu verður á bilinu 11.251.397.746 -11.401.397.746 krónur að nafnverði, allt eftir því hvort heimild félagsins til að stækka útbóðið verður nýtt eða ekki.

Fjárfestar geta valið þrjár áskriftarleiðir í útbóðinu, tilboðsbækur A, B og C. Tilboðsbækurnar eru ólíkar hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Lágmarksáskrift í útbóðinu er 100.000 krónur að kaupverði.

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B	Tilboðsbók C
Stærð tilboðsbókar (milljónir hluta):	150-180 (20%)	225-270 (30%)	375-450 (50%)
Stærð áskrifta (kaupverð):	100 þús.kr. – 500 þús.kr.	550 þús.kr. – 10 m.kr.	Yfir 10 m.kr.
Tilboðsverð:	Á útbóðsgengi tilboðsbókar A	Á verðbilinu 1,38-1,71 á hlut / á útbóðsgengi tilboðsbókar B	Að lágmarki á genginu 1,38 krónur á hlut
Útbóðsgengi (hollenskt útbóð):	5% lægra en útbóðsgengi tilboðsbókar B	Á verðbilinu 1,38-1,71 krónur á hlut, þó ekki hærra en útbóðsgengi tilboðsbókar C	Að lágmarki á genginu 1,38 krónur á hlut

Birt verður lýsing vegna útbóðsins og umsóknar Heimavalla um að allt hlutafé í félaginu verði tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Lýsingin er í staðfestingarferli hjá Fjármálaeftirlitinu og er stefnt að því að hún verði birt í vikunni 22. – 28. apríl 2018 á vefsíðu Heimavalla, www.heimavellir.is/fjarfestar.

Meðfylgjandi er fjárfestakynning sem farið verður yfir á kynningarfundum með fjárfestum. Félagið mun einnig boða til opins kynningarfundar vegna útbóðsins og verður hann nánar auglýstur síðar. Fjárfestakynninguna verður hægt að nálgast á vefsíðu Heimavalla: www.heimavellir.is/fjarfestar

Nánari upplýsingar veitir:

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla hf.

gudbrandur@heimavellir.is

sími 517 3440/896 0122